

Fjárfestakynning

4F 2022

15. febrúar 2023

Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason, forstjóri


SKEL
FJÁRFESTINGAFÉLAG

Borgartún 26
105 Reykjavík
444 3440
skel@skel.is
www.skel.is

Okkar **hlutverk** er að þróa
tækifæri með langtíma
verðmætasköpun að leiðarljósi

Við erum **umbreytingafjársfestar**
með skýrt markmið að styðja
við öflug teymi stjórnenda og frumkvöðla
þegar kemur að **þróun og uppbyggingu**
fyrirtækja og viðskiptahugmynda

Vegferðin



Vægi jarðefnaeldsneytis
í eignasafni SKEL er nú 49%

2019

Nýir hluthafar skerpa á framtíðarsýn

Aukin áhersla á arðsemi

Markmið að minnka vægi jarðefnaeldsneytis í eignasafni undir 50%

Góður grunnur núverandi rekstrar til að byggja á

2020

Nýrri stefnu hrint í framkvæmd

Kaup á félögum í annarri starfsemi m.a. Löður og Lyfsalinn

Endurskipulagning á nýtingu lóða

Endurskipulagning verslunarreksturs

2021

Umbreyting efnahags í framhaldi af ákvörðun hluthafa

Ákvörðun um að stofna þrjú sjálfstæð resktrafélög á grunni núverandi rekstrar

Sala fasteigna langt komin

Magn selt að hluta

2022

Skeljungur verður SKEL Fjárfestingafélag

Sala á fasteignum frágengin, kaupsamningur um Magn,

Orkan, Skeljungur og Gallon hefja vegferð sjálfstæð félög með skýra sýn

2022

SKEL

Skeljungur kaupir Klett
Orkan kaupir hlut í Straumlind
Kaupsamningur um Orkufelagið

Keypt í VÍS & Kaldalóni
Þátttaka í stjórnnum

Skeljungur verður SKEL fjárfestingafélag

Framtíð byggð á núverandi eignasafni
Fjárfestingastefna útvíkkuð

Nýtt teymi

Ásgeir Reyk fjörð og Magnús Ingi Einarsson
ráðnir í stöðu forstjóra og fjármálastjóra

Stuðningur við núverandi rekstrarfélög og áframhaldandi vöxt þeirra

Halda áfram að styrkja rekstrarfélög og önnur félög í eigu SKEL
Straumlínulögun á starfsemi og minnka vægi jarðefnaeldsneytis í eignasafni

Óskráðar eignir „Buy and build“

Markmið SKEL er að finna ný tækifæri í samruna og yfirtökum með hagsmuni
heildareignasafnsins að leiðarljósi. Sem dæmi má nefna kaupin á Kletti og Straumlind.

Skráðar eignir

Áhersla á umbreytingar í skráðum eignum
Byggt upp skuldabréfasafn

Reikningsskilamati breytt

Fjárfestingaeignir færðar á gangvirði

Uppskiptingu lokið

Uppskiptingin heppnaðist vel

- ✓ Allar einingar bæta reksturinn sinn
- ✓ Skýrar áherslur grunnur að velgengni
- ✓ Sjálfstæðir stjórnarhættir rekstrarfélaga



Neytendur

- ✓ Verð
- ✓ Aðgengi
- ✓ Einfaldleiki



Fyrirtæki

- ✓ Þjónusta & þekking
- ✓ Viðskiptasambönd
- ✓ Alþjóðleg umboð



Innviðir

- ✓ Orkugeymsla
- ✓ Verðmætar eignir
- ✓ Óháð félag

Fjárhagsupplýsingar

Rekstur 2022

REKSTRARREIKNINGUR 1.1.-31.12.22

<i>M.kr.</i>	4F 2022	2022
Gangvirðisbreyting fjáreigna	12.358	18.850
Fjármunatekjur (-gjöld)	223	539
Aðrar tekjur	59	736
Fjárfestingatekjur	12.640	20.125
Laun og launatengd gjöld	(175)	(823)
Önnur rekstrargjöld	26	(431)
Rekstrargjöld	(149)	(1.253)
Hagnaður fyrir skatta	12.491	18.871
Tekjuskattur	(102)	(1.354)
Hagnaður tímabilsins	12.389	17.517

Óinnleyst gangvirðisbreyting

13,2 ma.kr.

Innleyst gangvirðisbreyting

5,6 ma.kr.

Hagnaður ársins

**17,5
ma.kr.**

- ✓ Rekstrarkostnaður á 4F er jákvæður vegna endurflokkunar sölukostnaðar frá fyrra tímabili yfir á gangvirðisbreytingu fjáreigna
- ✓ Rekstrarkostnaður ársins í heild litast af kostnaði vegna uppskiptingar og umbreytinga á félaginu sem lauk á árinu
- ✓ Markmið að rekstrarkostnaður verði undir 2% af eigin fé félagsins eftir þetta ár

Efnahagsreikningur 31.12.2022

Arðsemi eigin fjár
110,6%

EFNAHAGUR 31.12.2022

EIGNIR M.KR

<i>M.kr.</i>	31.12.2022
Handbært fé	4.731
Ríkisskuldabréf	2.116
Skráð hlutabréf	4.921
Aðrar fjáreignir á gangvirði	23.137
Fjárfestinga fasteignir á gangvirði	690
Aðrar eignir	2.910
Eignir samtals	38.505
Eigið fé	33.430
Skuldir við lánastofnanir	2.515
Tekjuskattsskuldbinding	2.014
Aðrar skuldir	547
Skuldir samtals	5.075
Eigið fé og skuldir samtals	38.505

		2.920 Gallon ehf		2.636 vís
7.800 Skeljungur				
	5.391 Orkan IS ehf			
		2.285 Kaldalón	1.726 Reir þróun ehf.	1.611 Lán, kröfur og aðrar eignir
6.847 Handbært fé og ríkisskuldabréf	2.975 Sp/f Orkufelagið í söluferli	1.822 Löður ehf	1.458 Lyfjaval ehf	1.033 Fasteigna- þróun

Eignasafn

23%

NEYTENDA-
MARKAÐUR

ORKAN (100%)

Löður
Lyfjaval
Íslenska vetnisfélagið
Straumlind

Heimkaup (33%)

20%

FYRIRTÆKJA-
MARKAÐUR

SKELJUNGUR (100%)

Klettur*

18%

HANDBÆRT FÉ OG
RÍKISSK. BRÉF

13%

FASTEIGNIR

KALDALÓN (12,68%)

REIR ÞRÓUN (50%)

Aðrar fasteignir
og lóðir

8%

INNVIÐIR

GALLON (100%)

8%

EIGNIR Í
SÖLUFERLI

**SP/F
ORKUFELAGIÐ**
(48,3%)**

7%

FJÁRMÁLA-
MARKAÐUR

VÍS (8,91%)

*Kaupin á Kletti gengu formlega í gegn 10. febrúar 2023

**SP/F ORKUFELAGIÐ (48,3%) er í sölufarli, kaupsamningur undirritaður 15. febrúar 2023

Aðferðafræði verðmats

Birtir Capital Partners var upphaflega ráðið til að verðmeta rekstrarfélög SKEL og fluttist samningurinn yfir til Kviku banka í desember.

Endurskoðendur SKEL, KPMG, flokka verðmat á óskráðum eignum sem lykillþátt í endurskoðun félagsins. Ásamt endurskoðendum fóru verðmatssérfræðingar af ráðgjafarsviði KPMG ítarlega yfir verðmötin og lögðu mat á aðferðir, forsendur og útreikninga.

Aðferðafræði

Við mat á gangvirði félaga í eigu SKEL var stuðst við sjóðstreymisgreiningu (e. *Discounted Cash Flow DCF*) og bæði notað frjálst fjárstreymi til fyrirtækis (e. *Free Cash Flow to Firm FCFF*) og arðgreiðslulíkan (e. *Dividend Discount Model DDM*).

Virðismatið er að miklu leyti byggt á rekstraráætlun stjórnenda ásamt samtölum stjórnenda og verðmatsaðila.

Spástærðir eru margar hverjar byggðar á raunbreytingu undirliggjandi stærða og í kjölfarið er innbyggt verðbólguálag áhættulausra vaxta notað sem mat á framtíðarverðbólgu í fjárstreymi.


Allar rekstartölur eru án IFRS16 í þessari kynningu

Áhrifin af því eru að leigusamningar eru gjaldfærðir meðal rekstrarkostnaðar í rekstrarreikningi og lækka EBITDA í stað þess að nýtingarrétturinn sé gjaldfærður með afskriftum og vextir gjaldfærðir meðal fjármagnsliða eins og IFRS16 staðallinn gerir ráð fyrir. Áhrif af IFRS16 á 2022 EBITDA félaganna fimm er um 1 milljarður til hækkunar.

Orkan

(án Löðurs og Lyfjaval)

„ Eitt af stærstu smásölufyrirtækjum landsins með yfir 16 þús. viðskipti daglega “



2022







Tekjur
25.750 m.kr.

Framlegð
4.083 m.kr.

EBITDA
1.079 m.kr.

116 starfsmenn
70 orkustöðvar
9 verslanir



-  **70** eldsneytisstöðvar
-  **9** hleðslustöðvar
-  **2** vetnisstöðvar
-  **1** metanstöð
-  **9** verslanir
-  **18** fasteignir


VÖRUMERKI MEÐ SKÝRA FRAMTÍÐARSÝN

- Góðar staðsetningar og gott aðgengi fyrir alla
- Lægsta eldsneytisverðið í öllum landshlutum og í ákveðnum hlutum höfuðborgarsvæðisins
- Snjallar greiðslulausnir og sjálfsafgreiðslur
- Leigumódel sem virkar
- Þátttakandi í orkuskiptunum
- Framundan að opna hraðhleðslustöðvar um allt land
- Endurskipulagning verslunarhluta í skoðun

Orkan – verðmat

NIÐURSTAÐA VERÐMATS
VIRÐI EIGINFJÁR 5,4 MA.KR

AFKOMA OG SPÁ



	2022	2023S
Framlegð	4.083	4.505
EBITDA	1.079	1.237
EBIT	537	561
Afskriftir	542	676
Fjárfestingar	870	907
Breyting í NWC		13
EBITDA/Framlegð	26,4%	27,5%
Fjárf./Framlegð	21,3%	20,1%
ROIC	14,4%	8,0%


ÁVÖXTUNARKRÖFUR NAFNVIRÐI

WACC	11,7%
Markskuldsetning	40,0%


ÁHRIF Á VERÐMÆTI

- + Afkoma af verslunarrekstri eykst áfram
- Mjög einfalt módel
- Kostnaður við uppskiptingu frá
- Fjárfestingar vegna orkuskipta
- Raunvöxtur framlegðar áætlaður 0% til framtíðar

KENNITÖLUMARGFELDI 2023S



„Þægileg, einföld og hröð leið til að þrifa farartæki“



2022

Tekjur

758 m.kr.

Framlegð

600 m.kr.

EBITDA

253 m.kr.

21 starfsmaður

15 þvottastöðvar



200.000+ þvottar á ári



55-60% markaðshludild



39% tekjuvöxtur frá kaupum



15 staðsetningar

TRAUST VÖRUMERKI Í ÖRUM Í VEXTI

- Stofnað árið 2000
- Góðar staðsetningar, þétt net, njótum skala
- Vel þjálfað starfsfólk
- Þétting byggðar og aukinn kaupmáttur
- 272 þús. bifreiðar í umferð

12 NÝJAR STÖÐVAR Á NÆSTU 3 ÁRUM


- Mikil fjárfesting í nýjum og endurbættum stöðvum næstu 3 árin
- 2023 – 5 stöðvar
- 2024 – 5 stöðvar
- 2025 – 2 stöðvar

UMHVERFISVÆNNI BÍLÞVOTTUR

- Aukin umhverfisvitund í bílþvotti
- Sparnaður í efnanotkun, affall skilið frá, betri nýting vatns

Löður – verðmat

NIÐURSTAÐA VERÐMATS
VIRÐI EIGIN FJÁR 1,8 MA.KR.



AFKOMA OG SPÁ

	2022	2023S
Tekjur	758	906
EBITDA	253	327
EBIT	179	242
Afskriftir	74	85
Fjárfestingar	99	1.237
Breyting í NWC		4
EBITDA/Tekjur	33,4%	36,1%
Fjárf./Tekjur	13,0%	140,6%
ROIC	35,3%	50,3%


ÁVÖXTUNARKRÖFUR NAFNVIRÐI

WACC	13,8%
Markskuldsetning	30,0%

ÁHRIF Á VERÐMÆTI

- + Tækifæri til vaxtar
- + Vörumerkið
- + Aukin umhverfisvitund
- Fjárfestingar
- Samkeppni við heimaþvott

KENNITÖLUMARGFELDI 2023S



Lyfjaval



SKEL

„Þægindi og aðgengi á markaði í vexti“



2022

Tekjur

2.727 m.kr.

Framlegð

790 m.kr.

EBITDA

158 m.kr.

75 starfsmenn

7 Apótek



3 Apótek með bílalúgu



Lyfjaval Endurbætur og ný ásýnd eykur vitund meðal almennings

↑ 19% tekjuvöxtur milli ára

LYFIN Í LÚGUNA

- Lyfsalinn keypti félagið Lyfjaval í október 2021
- Félögin sameinuðust undir nafni Lyfjavals
- Ásýnd og merki apótekanna breytt
- Lyfjaval rekur nú 7 apótek í Reykjavík og á Suðurnesjum

NÝ APÓTEK 2023

- Nýtt apótek opnar í Reykjanesbæ í lok febrúar 2023
- Áætlað að opna tvö önnur apótek á árinu
- Öll ný apótek verða með bílalúgum og verða því orðin 6 bílaapótek í lok árs


TÆKIFÆRI TIL VAXTAR

- Lyfjamarkaðurinn er um 41 ma.kr. á ári og hefur vaxið um 30% frá 2018
- Fjöldi fólks yfir áttætt mun tvöfaldast á næstu 15 árum samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar



Lyfjaval – verðmat

NIÐURSTAÐA VERÐMATS
VIRÐI EIGIN FJÁR 1,5 MA.KR. (58% HLUTUR)



AFKOMA OG SPÁ

	2022	2023S
Tekjur	2.727	3.137
EBITDA	158	305
EBIT	32	216
Afskriftir	126	89
Fjárfestingar	105	60
Breyting í NWC		70
EBITDA/Tekjur	5,8%	9,7%
Fjárf./Tekjur	3,9%	1,9%
ROIC	18,3%	12%


ÁVÖXTUNARKRÖFUR NAFNVIRÐI

WACC	13,1%
Markskuldsetning	25,0%

ÁHRIF Á VERÐMÆTI

- + Mannfjöldaspá
- + Hagkvæmar einingar
- Fjárfesting í vexti
- Hagkvæmni stærðar

KENNTÖLUMARGFELDI 2023S



Skeljungur

”Áhersla á þekkingu og þjónustu við íslenskt atvinnulíf“



95 ár sem hluti af orkusögu Íslands



Sjá um eigin dreifingu



Áhersla á hagkvæmni og öryggi í sátt við samfélag og umhverfi

VÖXTUR Á TRAUSTUM GRUNNI

- Verðmætt vörumerki – verðmætt umboð
- Traust viðskiptasambönd í öllum geirum
- Mikil þekking og innviðir tengdir innflutningi, orku, efnavöru og tengdri starfsemi

2022

Tekjur

50.742 m.kr.

Framlegð

2.994 m.kr.

EBITDA


1.130 m.kr.

60 starfsmenn

4.350 Viðskiptavinir

LEIÐANDI ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI Í UMBREYTINGU

- Byggja ofan á sterkar stoðir og útvíkka starfsemi með auknu vöruframboði og þjónustu
- Áhersla á innri vöxt og hnitmiðaðar yfirtökur og samstarf
- Kaup á Klett Lykiláfangi
- Stefnt að skráningu í Kauphöllina



OLÍUNOTKUN EFTIR FLOKKUM - ÍSLAND

Orkuskipti (2022). <https://orkuskipti.is>



” Uppbygging á leiðandi þjónustufyrirtæki við atvinnulífið “

- Byggja utan um núverandi kjarna
- Markmiðið að vera leiðandi á fimm kjarnasviðum
- Arðbær vöxtur
- Styrkja stoðirnar með samrunum og yfirtökum
- Við viljum vinna verkefnið með samstarfsaðilum og þannig breikka hluthafahópinn



Skeljungur - ytri vöxtur - viðmið

EBITDA

250-1.000 m.kr.

FJÁRHÆÐ VIÐSKIPTA

< 5.000 m.kr.

FJÁRHAGUR

- (i) Jákvætt sjóðstreymi
- (ii) Lág viðhaldspörf
- (iii) Skuldir á móti EBITDA undir 3x

REKSTUR

Er einn þriggja stærstu á sínum markaði
Vörumerki, umboð eða dreifileiðir

Þjónusta við:

- ✓ Iðnað
- ✓ Sjávarútveg
- ✓ Umhverfi eða innviði


VAXTAMÖGULEIKAR

Þurfa að fela í sér tækifæri til
innri og ytri vaxtar auk
samlegðar



Skeljungur – verðmat

NIÐURSTAÐA VERÐMATS
VIRÐI EIGIN FJÁR 7,8 MA.KR.



AFKOMA OG SPÁ

	2022	2023S
Framlegð	3.131	3.363
EBITDA	1.130	1.326
EBIT	922	1.171
Afskriftir	208	155
Fjárfestingar	164	136
Breyting í NWC		64
EBITDA/Framlegð	36,1%	39,4%
Fjárf./Framlegð	5,2%	4,0%
ROIC	47,9%	19,5%


ÁVÖXTUNARKRÖFUR NAFNVIRÐI

WACC	13,3%
Markskuldsetning	25,0%

ÁHRIF Á VERÐMÆTI

- +** Umsvif í hagkerfi
- +** Sterk staða á fyrirtækjamarkaði
- +** Takmörkuð fjárfestingaþörf
- Orkuskipti í stærri tækjum
- Öryggisbirgðir á kostnað einkageirans

KENNITÖLUMARGFELDI 2023S



Gallon



SCEL

” Tankar félagsins rúma 90 milljón lítra af olíu eða öðrum vökva “



2022

Tekjur

538 m.kr.

EBITDA

265 m.kr.

6 starfsmenn

6 Birgðarstöðvar

36 Birgðatankar

30-50% nýting



Tankar á öllum helstu flugvöllum landsins



Góðar staðsetningar

TÆKIFÆRI TIL VAXTAR

- Nýting í dag 30-50%, tækifæri til að auka nýtingu
- Mikil verðmæti í núverandi tönkum, endurstofnverð á svipaðri birgðastöð og í Örfirisey áætluð 4x bókfært verð
- Eini aðilinn sem geymir flugeldsneyti á öllum helstu flugvöllum landsins


FRAMTÍÐARSÝNIN

- Breyttar áherslur félagsins úr háðu félagi (*e. dependent*) í óháða starfsemi (*e. independent*) að erlendri fyrirmynd
- Ná forskoti í auknum geymslum á vöru héraðs í ljósi aukinna umsvifa á norðurslóðum
- Birgðageymar geta geymt annað en olíu t.d. rafeldsneyti, ammoníak, korn o.fl.
- Auknar birgðir (neyðarbirgðir) munu auka umsvif félagsins



Gallon – verðmat

NIÐURSTAÐA VERÐMATS
VIRÐI EIGIN FJÁR 2,9 MA.KR.



AFKOMA OG SPÁ

	2022	2023S
Tekjur	538	580
EBITDA	265	276
EBIT	150	162
Afskriftir	115	114
Fjárfestingar	97	76
Breyting í NWC		-19
EBITDA/Tekjur	49,3%	47,6%
Fjárf./Tekjur	18,0%	13,1%
ROIC	8,9%	9,9%


ÁVÖXTUNARKRÖFUR NAFNVIRÐI

WACC	11,4%
Markskuldsetning	50,0%

ÁHRIF Á VERÐMÆTI

+	Betri nýting	-	Orkuskipti
	Öryggisbirgðir		Vannýtt fjárfesting

KENNITÖLUMARGFELDI 2023S



Fasteignapróun og lóðir

HELGAFELLSÁSAR (50%)
MOSFELLSBÆR 70 HA*



*Skyggt svæði á mynd er tillaga að skipulagi frá eigendum

AUSTURSTRÖND 7 (100%)
SELTJARNARNES LÓÐ 4725 FM



REIR ÞRÓUN (50%)
HNOÐRAHOLT, Grb



ÖXL FASTEIGNIR (100%)
HVERAGERÐI 55.337 FM



LITLATÚN 1 (100%)
GARÐABÆR LÓÐ 2260 FM



LEIGUEIGNIR – FRAMTÍÐARÞRÓUN



Skráð félög


KALDALÓN (12,68%) 2.285 m.kr.

Útgefin markmið fyrir skráningu á aðalmarkað

- Fjárfestingaeygnir 50.ma.kr.
- Leigutekjur 3.500 m.kr.
- Fjármögnunarrámi
- Ársreikningur með hreinan rekstur fasteignafélags

Leigutekjur næstu 12 mánuði mv. tilkynnt viðskipti

Jan 2023: 2.600 m.kr.
Jún 2024Á: 3.300 m.kr.



VÍS (8,91%) 2.636 m.kr.

„Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) hefur markað stefnu sem felur í sér ákveðin kaflaskil í rekstri félagsins. Markmið stjórnarinnar er að gera VÍS að enn **vænlegri fjárfestingakosti** á markaði með **skýrri sýn á vöxt, þróun og fjármagnsskipan**. Liður í því er að gera félagið **söludrífna, efla tengsl við viðskiptavini** og vera í fararbroddi við að innleiða nýjungar í tryggingastarfsemi. Samhliða stefnir VÍS á að verða **virkur þátttakandi í þróun fjármálastarfsemi** á Íslandi með áherslu á **arðsaman vöxt, eignastýringu** og ýmis önnur tækifæri sem hafa opnast á fjármálamarkaði.“

Fréttatilkynning frá VÍS 11.1.23

Aðgerðir í grænni orku

UPPBYGGING VETNIS Í SAMGÖNGUM

- Qair Iceland og Orkan hafa farið í samstarf (e. joint venture) um vöxt og þróun Íslenska Vetnisfélagsins.
- Samstarf hafið um að byggja innviði til að mæta framtíðarþörfum vetnis í samgöngum, hringinn í kringum Ísland
- Mikil uppbygging fram til 2026
- Fasi 1: Gera Ísland að fyrsta landinu með möguleika á vetnisknúnum landflutningum
- Fasi 2: Framleiða grænt vetni fyrir samgöngur

ORKUGARÐAR AUSTURLANDS OG RAFELDSNEYTI

- Skeljungur og Gallon undirrituðu viljayfirlýsingu á árinu við danska sjóðinn CI Energy Transition Fund I (CIP) um að skoða möguleika fyrirtækjanna tveggja á að kaupa rafeldsneyti af sjóðnum og dreifa því.
- CIP stefnir á framleiðslu rafeldsneytis í Orkugarði Austurlands á Reyðarfirði, en orkugarðurinn er samstarfsvettvangur um nýtingu grænna tækifæra á Austurlandi. Markmið hans er að stuðla að aukinni verðmætasköpun og byggja upp þekkingu á orkuskiptum á svæðinu.
- <https://oga.is/>

E10



- Skeljungur hefur gert samning um innflutning á eldsneyti sem inniheldur 10% blöndu af Ethanóli á móti 90% hlutfalli jarðefnaeldsneytis eða svokallað E10 eldsneyti.
- Ethanól er framleitt úr korni og öðrum lífrænum úrgangi en með því að blanda því við jarðefnaeldsneyti má draga úr áhrifum útblásturs við brennslu eldsneytisins og draga þannig úr kolefnisfótspori farartækja og vinnuvéla sem það nota.
- Flest ökutæki og vélar geta brennt E10 og er það umhverfisvænni kostur en er í boði á markaðnum í dag.
- E10 fer í sölu á fyrra hluta árs 2023.



Íslenska H_2
vetnisfélagið



Fyrirvari

SKEL fjárfestingafélag vekur athygli á því að kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingargjafar og skal móttaka hennar ekki vera talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf. Þá má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka kynninguna sem loforð um árangur í rekstri félagsins eða um ávöxtun fjármuna.

Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar þessi kynning er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, fjárhagslega áhættu, olíuverðsáhættu og aukna samkeppni.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

Spurningar?

Nánari upplýsingar veitir:

Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason

fjarfestar@skel.is